

og nefni eg þá Friðrik keisara annan frá Sikiley, þann fjölfróðasta, sannmendaðasta þjóðhöfðingja, er allar miðaldirnar augum litu, og nefni eg þá Bruno, Spinoza, Kepler, Galileo og Kant, þá frægustu fræðimenn og skólameistara allrar Norðurálfunnar. Socini, Channing og Priestley,— þeirra nöfn þekkja allir,— þá manndómsfylstu og kærleiksríkustu menn, er vorar seinni aldir hafa séð. Darwin hinn ógleymanlega, og nútíðarskáldin Ibsen, Björnson og Matth. Jochumson. Og með leyfi vil eg svo nefna nokkra hina svo nefndu heiðingja, er kendu Unitaratrú, áður en það nafn varð til. Plato, Sókrates, Markús Árelíus,— þeir menn gnæfa eins og himinhá fjöll yfir allar aldirnar, svo að í skugga þeirra virðist allt annað smátt og einskis vert, er síðan hefir skeð ofan að síðustu tímum.

Unitarismus er ákveðin skoðun, trúarsannfæring heimsins göfugustu og beztu manna. Hún hefir uppbyggt milljónir sálna, frelsað þær og upplyft þeim, svo þær hafa komist úr margra alda ánaud og getað hleypt bergmáli gleðisöngva á stað, er gengið hefir í bylgjum margsinnis yfir þenna hnött. „Velþóknun yfir mönnum.“ „Guðs eilífi friður og blessan“, „á vængjum friðarboðans sungið inn í sálu þeirra, er bundnir bíða, á ný góð tíðindi og gleðiboðskap.“ Og það hefir fylgt henni máttur og veldi, er ekkert hefir getað mótstaðið, eins og öllu því, er hefir það hvorttveggja sér til ágætis, að vera bæði hjartans innsta sannfæring og sannleikur. Hún hefir bygt þekkingu og námi griðastaði innan hleypidóma og fávisku, bygt þúsundir kyrkna, mörg þúsundsinnum veglegri en nú sjáum vér, og hún á eftir að byggja þúsundir fleiri enn veglegri, en auga hefir séð. Hún á eftir að tengja lönd við lönd og hönd í hönd hinna fjarlægustu þjóða.

Hún er trú skáldsins og vísindamannsins, í ljósi hennar skoðar hann þenna heim og allan þann undra her ótal heima, og auga hans mætir altaf nýr og nýr sannleikur, nýr og nýr sáttmáli mannheims við hinn eilífa heim, nýr og nýr vegur og eining í guði. Og í skjóli hennar syngur skáldið sín frjálsustu ljóð, sinn fegursta óð, er flytur á burtu sorgir og söknuð, kvíða og óblessun hins banþreytta og lífsleiða mannkyns. Þaðan hefir